

M-37/2009 Álit 19. maí 2009

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. maí gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-37/2009:

I

Kröfugerð, málavextir og niðurstaða

Í dag það X, kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa um álit vegna galla sem hann segir vera á útihurð í húsi sínu að.....

Í gögnum málsins kemur fram að álitshéiðandi keypti húsið af fyrirtækinu Z. og fékk það afhent í júní 2008 tilbúið til innréttingar. Útihurð hússins segir hann undna að neðanverðu og erfitt sé að læsa henni en seljandi hafi ekki viljað laga hurðina.

Það er ljóst að ágreiningur aðila á rót sína að rekja til kaupa álitshéiðanda á húsinu að og var því um að ræða kaup á fasteign í heild sinni. Um fasteignakaup gilda lög nr. 40/2002.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup. Greini aðila að kaupum samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup eða lögum nr. 48/2003 um neytendakaup um réttindi sín og skyldur geta þeir snúið sér til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitshgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið. Valdsvið kæruneftndarinnar nær því ekki til að gefa álit á ágreiningi sem fellur undir lög nr. 40/2002 um fasteignakaup.

Niðurstaða kæruneftndarinnar er því sú að samkvæmt framansögðu og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa beri að vísa beiðni X frá nefndinni.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir